

Heimskautsgerði við Raufarhöfn “Arctic-henge”

September 2005

**Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna
sumarið 2005**

Samantekt skýrslu:
Jóna Kristín Gunnarsdóttir

Texti og framsetning:
Erlingur Thoroddsen
Guðný Hrund Karlsdóttir,
Haukur Halldórsson
Jóna Kristín Gunnarsdóttir
Jónas Friðrik Guðnason
Kristján Halldórsson
Óli Halldórsson

Efnisyfirlit

FORMÁLI UMSJÓNARMANNS -----	3
FORMÁLI NEMANDA -----	4
1. INNGANGUR -----	5
2. MANNVIRKIÐ HEIMSKAUTSGERÐI -----	8
2.1. Staðsetning og umfang -----	8
2.2. Leikur að ljósi -----	9
2.3. Hliðin -----	10
2.4. Miðjan-----	12
2.5. Hádegissteinninn -----	12
2.6. Geislasteinninn -----	13
2.7. Pólstjörnusteinninn -----	13
2.8. Sólúrið-----	13
3. HUGMYNDAFRÆÐIN - ÁRSHRINGUR DVERGANNA -----	14
3.1. Dvergatalið-----	14
3.2. Árshringur dverganna-----	15
4. ÁHRIF HEIMSKAUTSGERÐIS Á ATVINNULÍF -----	18
4.1. Staða ferðaþjónustu í dag-----	18
4.2. Fjöldi ferðamanna og tekjur af þeim-----	19
4.3. Samgöngumál-----	21
4.4. Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og ferðamenn-----	21
Grunnþjónusta-----	23
Sérhæfð þjónusta er varðar Heimskautsgerðið -----	23
Önnur þjónusta-----	24
4.5. Niðurstöður um áhrif á atvinnulíf-----	24
5. HEIMILDASKRÁ -----	26
VIÐAUKI – ÁRSHRINGUR DVERGA -----	27
Einmánuður – tímabil Óðins 23. mars – 21. apríl-----	28
Harpa – tímabil Týs 22. apríl – 21. maí-----	29
Skerpla – tímabil Baldurs 22. maí – 20. júní -----	31
Sólmánuður - tímabil Heimdallar 21. júní – 20. júlí -----	33
Heyannarmánuður - tímabil Freyju 21. júlí – 23. ágúst-----	34
Tvímánuður - tímabil Friggjar 24. ágúst – 22.sept-----	36
Haustmánuður - tímabil Loka 23. sept – 22. okt -----	37
Gormánuður - Tímabil Víðars 23. okt – 22. nóv-----	39
Ýlir - tímabil Ullar 23. nóv – 22. des-----	41
Mörsugur - Tímabil Freys 23. des – 21. jan -----	42
Þorri - tímabil Njarðar 22. jan – 22. feb-----	44
Góa - Tímabil Þórs 23. feb – 20. mars -----	45

Formáli umsjónarmanns

Til þess að stór framfaraskref verði stigin þarf oftast en ekki hugmyndir til sem á frumstigum kunna að virðast vera á mörkum þess að teljast framkvæmanlegar. Þetta á án efa við um byggjendur Stonehenge á S-Englandi þegar þeir hófu gerð þess þekkta steinvirkis fyrir um 5000 árum. Viðfangsefnið hlýtur að teljast hafa verið veruleg ögrun hvort heldur horft er á það hugmynda- eða verkfræðilega miðað við menningu og aðstæður þess tíma.

Hugmyndin um Heimskautsgerði við Raufarhöfn sækir að nokkru leyti innblástur til þessa merka og heimsþekkta mannvirkis á Englandi, einkum fyrir ákveðnar hliðstæður í verklegri uppbyggingu mannvirkjanna. Önnur hliðstæða er þó ekki síður sýnileg: Heimskautsgerðið við Raufarhöfn er nefnilega ein af þessum hugmyndum sem útheimtir dálitla hugdirfsku og bjartsýni umfram það sem almennt er, rétt eins og var með Stonehenge fyrir þessum árbúsundum.

Þekkingarsetur Þingeyinga kom að þessu áhugaverða verkefni í ársbyrjun 2005, en þá voru liðin nokkur ár frá því hugmyndin fæddist í sinni fyrstu mynd. Ákveðið var í samstarfi við heimamenn á Raufarhöfn og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að sækja um styrkveitingu til verkefnisins til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Eftir að styrkur fékkst var á vormánuðum ráðinn þingeyskur háskólanemi til að vinna að hugmyndinni með heimamönnum og frumkvöðlum, þ.e. Jóna Kristín Gunnarsdóttir, kennaranemi við Háskólann á Akureyri. Verkefni Jónu Kristínar hefur verið ögrandi eins og allt viðfangsefnið í heild sinni. Þessi skýrsla er afrakstur vinnu sumarsins 2005.

Það er von mín að þessi skýrsla verði til þess að þoka hugmyndinni nær framkvæmdastigi. Frumkvöðlarnir hafa sett upp seglin. Nú þarf bara góðan byr í þau.

Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga

Formáli nemanda

Heimskautsgerði við Raufarhöfn á að rísa á hæð einni rétt fyrir ofan Raufarhöfn, sem heitir Melrakkaás. Fyrsta hugmyndin að verkefninu er komin frá Erlingi Thoroddsen hóteltjóra á Raufarhöfn. Haukur Halldórsson listamaður hefur teiknað gerðið og útsett ýmsar aðrar hugmyndir tengdar verkefninu. Ætlunin er að Heimskautsgerðið rísi á næstu árum og er tilgangur verkefnisins að vinna að vexti og velferð Raufarhafnar á sviði ferðamennsku og skyldra greina og auka með því ferðamannastraum um Norðausturhornið í heild sinni frá Langanesi til Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur. Framundan eru vegaframkvæmdir sem koma til með að breyta nokkuð samgönguaðstæðum við Raufarhöfn. Að loknum þeim verður um 15 km afleggjari frá Þjóðvegi á Öxarfjarðarheiði til Raufarhafnar. Í ljósi þessa verður enn mikilvægara en fyrr að skapa á Raufarhöfn eitthvað mikilfenglegt til þess að laða fólk að.

Heimskautsgerðið er að grunni til allstór hringur hlaðinn grjóti. Sólarljósið spilar lykilhlutverk og er það notað í mörgum myndum. Einnig munu vera inni í gerðinu svonefndir dvergasteinar sem ætlað er mikið hlutverk, þar sem fólk getur fundið sinn dverg eftir því hvenær það er fætt í árinu. Þarna tengjast nýjar og gamlar hugmyndir. Í meginatriðum gengur hugmyndin út á að tengja íslenska menningu, bókmenntasögu og sígild vísindi saman við sérstæðar umhverfisaðstæður á norðurhvara landsins og skapa grunn sem hægt væri að byggja á einstaka nýsköpunarhugmynd.

Vinna mín við verkefnið hefur öðru fremur falist í því að ná saman í eina skýrslu fram komnum hugmyndum frumkvöðla að verkefninu. Einnig að treysta undirstöður þessara frábæru hugmynda til að aðstoða við að koma verkefninu í framkvæmd. Ég hef unnið undir styrkri stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga og notið aðstoðar frumkvöðla verkefnisins, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem og allra þeirra sem verkefninu tengjast, m.a. Raufarhafnarhrepps.

Sem kennaranemi sé ég mikla möguleika í þessu verkefni m.a. þá að nota Heimskautsgerðið til fræðslu og kennslu. Þannig væri hægt að skapa aðstæður til að láta börn upplifa sjónrænt og myndrænt ásamt því að lesa í bókum. Þetta verkefni getur svo nýst í mörgum námsgreinum eins og t.d. sögu, íslensku og landafræði. Einn möguleikinn í viðbót er fyrir hendi og þann hef ég hugsað mér að nýta og það er að vinna námsefni fyrir grunnskólabörn út frá verkefninu og stefni ég að því að vinna lokaverkefni mitt við Háskólann á Akureyri með þennan möguleika í huga.

Jóna Kristín Gunnarsdóttir
B.Ed. nemi við Háskólann á Akureyri

1. Inngangur

Raufarhöfn liggur næst heimskautsbaug allra þéttbýlisstaða á landinu. Þar er dagurinn hvað lengstur á sumrin og stystur á vetri og sólin sest ekki í nokkrar vikur kringum sólstöðurnar. Birtan er þar einstök og sökum hvað landið er lágt þá skyggir ekkert á sjóndeildarhringinn heilar 360°. Sjónarspil ljóss og skugga varð til þess að Erlingur Thoroddsen hóteltjóri fór að velta fyrir sér hvernig hægt væri að fanga þetta allt saman og nýta í þágu ferðaþjónustu. Fyrstu hugmyndir voru að afmarka eyktarmörkin með sólúri og nýta áhrif miðnætursólarinnar á þann máta að magna upp áhrifin. En hvernig sem það var uppsett og skoðað, þá buðu aðstæður á Melrakkaslétu upp á eitthvað ennþá öflugra.

Samtöl við ýmsa aðila, vísindamenn, framkvæmdamenn, hugsuði og listamenn, þróðu hugmyndina smátt og smátt. Eftir að Erlingur viðraði hugmyndina við Hauk Halldórsson listamann fóru hlutirnir að taka á sig mynd. Haukur var strax með á nótunum og út frá fyrstu samtölum þeirra kom hugmyndin um að fanga miðnætursólina í gegnum gáttir eða hlið, til að auka áhrifin af því sjónarspili sem hún er. Smám saman tóku hlutirnir á sig mynd og urðu að hring, sem er 54 m að þvermáli, girtur með hlöðnum vegg og hliði sem opnast mót höfuðáttunum. Neðra lag hleðslunnar er um 2,5 m hátt og ofan á það eru myndaðar 68 gáttir og samfelld hleðsla ofan á þeim. Með þessu móti mun hleðslan fljóta í geislum miðnætursólar og við sólris og sólsetur á öðrum tímum ársins. Í miðju hringins verður 8-10 m há súla sem hvílir á fjórum stöplum. Bilin á milli stöplanna fjögurra vísa að hliðunum og mun miðnætursólin þannig birtast í gegnum bilið sem snýr að norðurhliðinu. Þá er einnig horft til jafndægra og þegar sól er lægst á lofti. Fjórar súlur eru í kringum miðjuna hver með sínu sniði. Geislasteinn, holur að innan með átta gáttum stendur á ca. 2 m. háum stöpli og endurvarpar sólarljósi í allar áttir. Bendisteinninn er til hliðar við hann og mun gegna hlutverki sólúrs. Hádegissteinn er að ofan hringlaga með u.þ.b. 70 cm. gati, sem lagt verður að innan með speglum, sem munu endurvarpa sólarljósi í vissri stöðu og hann mun einnig boða sumarkomu. Pólstjörnusteinninn er súla, þar sem sjá má

staðsetningu Pólstjörnunnar með því að horfa í gegnum gat sem stillt er með ákveðnum halla í rauf. Við hönnun þessara fjögurra steina verður haft að leiðarljósi að gera þá sérkennilega og eftirminnilega og tengja þá framleiðslu minjagripa.¹

Haukur Halldórsson útfærði og teiknaði fyrstu útgáfu af Heimskautsgerðinu. Hugmyndin var í þróun og umræðu frumkvöðlanna í 6 ár og sífellt var verið að endurbæta og útfæra einstaka hluta hennar. Haustið 2003 kynnr Erlingur hugmyndina fyrir sveitarstjóra Raufarhafnarhrepps, Guðnýju Hrund Karlsdóttur, og óskaði eftir aðstoð til að veita hugmyndinni brautargengi. Í framahaldi af því úthlutaði Raufarhafnarhreppur landi undir gerðið og veitti aðgang að grjótnámu hreppsins endurgjaldslaust. Farið var í að leita að fjármagni til verksins og voru viðtökur góðar. Hægt var að hefja framkvæmdir.

Heimskautsgerðið á að rísa á Melrakkaás ofan við Raufarhöfn. Aðstæður á þessum stað eru einstakar.

Í náinni framtíð mun vegasamband breytast með þeim hætti að í stað þess að aðalleiðin til Raufarhafnar fari með ströndinni um Melrakkasléttu mun vegurinn færast yfir Öxarfjarðarheiði og um sérstakan 15 km afleggjara eða botnlanga til Raufarhafnar. Heimskautsgerðið er í ljósi þessa hugsað sem lykilmáttur í því að skapa aðráttarafl á staðnum til að auka líkur á að ferðamenn fari þennan afleggjara niður til Raufarhafnar. Með auknum straumi ferðamanna aukast atvinnumöguleikar og um leið búsetuskilyrði. Því er kjarni hugmyndarinnar að byggingu Heimskautsgerðis sá að efla atvinnu og byggð á Raufarhöfn og í Þingeyjarsýslu.

Það er ekki eingöngu sólarljósið sem unnið er með í Heimskautsgerðinu heldur er ætlunin að blanda saman nútíð og fornorrænni menningu. Inni í gerðinu verður áhringur dverga, steinar sem hver um sig tákna ákveðinn dverg. Þessir dvergarnir eru alls 72 talsins og er getið íslenskum fornbókmenntum (dvergatal Völuspár). Þeim hefur verið raðað inn í árið þannig að hver vika spannar 5 daga. Allir dvergarnir hafa hlutverk og falla nöfn dvergana vel að árstíðunum eins og lesa


¹ Guðný H Karlsdóttir. 2005. Upplýsingar um verkefnið Heimskautsgerði. Óútgefið (tölvuskjal).

má í Snorra-Eddu og Völuspá. Menn geta hins vegar deilt um það hvort þeir eigi yfirhöfuð heima í Völuspá. Gömlu mánaðarheitin koma einnig við sögu sem og goðin úr goðafræðunum. Um uppruna eða hlutverk allra dverganna er ekki vitað með fullri vissu, né eru öll gömlu mánaðarheitin fullskýrð, þótt til séu ágætar heimildir um þau.² Það er sömu sögu að segja með goðin og mánuðina að í útfærslu Heimskautsgerðisins er stuðst við heimildir en þær stílfærðar að gerðinu.

Það er ekki markmið þessa verkefnis að kafa ofan í uppruna þessara fyrirbæra úr bókmennta- og menningarsögu Íslendinga sem stuðst er við og notuð í hugmyndinni um Heimskautsgerði við Raufarhöfn. Það sem máli skiptir er að í hugmyndinni um Heimskautsgerðið er tilvist þessara fyrirbæra; dverganna, mánaðanna og goðanna, tvinnuð saman við leikinn með sólarljósið í gerðinu og þeim fundið nýtt hlutverk. Í ljósi þessa er rétt að taka af allan vafa með það að við framsetningu á þessu efni í útfærslu Heimskautsgerðisins á Raufarhöfn er ekki farið í einu og öllu eftir óbyggjandi söguskýringum eða bóklegum heimildum um dverga, tímatal eða aðra þætti sem nýttir eru heldur er reynt að tengja saman íslenska bókmennta- og menningarsögu við íslenskar aðstæður til nýsköpunar í ferðaþjónustu og atvinnu- og byggðapróun.

Haukur Halldórsson listamaður hefur teiknað dvergana 72 og er útlit þeirra látið ráðast að einhverju leyti af hlutverki hvers og eins. Jónas Friðrik Guðnason skáld hefur samið textabrot um hvern dverg fyrir sig sem lýsir ákveðnum karaktereinkennum þeirra. Í sameiningu persónugera þeir því dvergana með þessum hætti sem gerir það að verkum að hægt verður að útfæra og þróa ýmis konar hliðarhugmyndir í tengslum við verkefnið.

² Árni Björnsson. Saga Daganna. 1993. Almenna bókafélagið. bls 17-18.



Á Melrakkasnum er sjóndeildarhringurinn hreinn í 360°, þannig að sólin nýtur sín allt árið frá sólrisi til sólseturs. Þarna er sólargangur einna lengstur á landinu og því tilvalinn staður til að reisa Heimskautsgerðið.

2.2. Leikur að ljósi

Í dag eru aðgengilegar nákvæmar upplýsingar um það hvar sólin á að vera í það og það skiptið í árinu. Því er hægt að leika sér að ljósi og skuggum á margvíslegan hátt í Heimskautsgerðinu og ekki má gleyma að taka stjörnuhimininn með, t.d. hvernig vetrarbrautin liggur yfir gerðinu á mismunandi hátt eftir árstíðum. Hægt er að skapa ákveðið andrúmsloft inn í steinhringnum og horfa til himins á vetrarnóttum þegar norðurljósinn eru á himninum og tungl og stjörnur skína skært.



Heimskautsgerðið verður góður vettvangur margs konar skemmtilegra hátíða og uppákoma sem tengjast fyrirbærum himinsins. Þarna mun fólk geta komið saman til að fagna sumri eða öðrum árstíðaskiptum og má í því sambandi nefna sólstöðuhátíðir, Jónsmessunótt, ofl. Þarna verður einnig upplagt að fylgjast með öllum þeim viðburðum sem verða á himninum á ári hverju svo ekki sé minnst á þegar um sólmyrkva eða aðra stjarnfræðilega stórvíðburði er að ræða.

2.3. Hliðin

Hliðin á Heimskautsgerðinu eru 4 og snúa í höfuðáttirnar og eru um 6 til 7 metra há. Í gegnum tvö þeirra mun miðnætursólin skína og þar með aukast áhrifin af því sjónarspili sem þar er fyrir. Út frá hliðunum eru 17 port, þ.e. sólport þar sem sólrís og sólsetur eru mörkuð. Skuggi miðjunnar fellur á steininn sem táknar þá viku þar sem við erum stödd í árinu.

Hlið Norðursins


Hlið Norðursins er hlið þar sem dvergurinn Norðri trónir á toppnum. Þann stein er ætlunin að fá frá Grímsey. Vetrardvergarnir eru í innri hringnum hjá þessu hliði.

Hlið Austursins

Þetta er hlið vorsins með dvergnum Austra á toppnum. Þann stein er ætlunin að fá frá Austurlandi, t.d. frá Papey eða Gerpi. Í innri hringnum eru dvergar vorsins.

Hlið Suðursins

Dvergurinn Suðri trónir á toppnum á þessu hliði og þann stein væri æskilegt að fá frá Vestmannaeyjum eða af Heklu sjálfri. Innan við þetta hlið eru dvergar sumarsins.




Hlið Vestursins

Hlið haustsins og dvergurinn Vestri gætir þessa hliðs. Stein þennan væri hægt að fá af Vestfjörðum. Innan við þetta hlið eru dvergar haustsins.


2.4. Miðjan

Í miðju hringins er 8-10 m há súla, sem hvílir á fjórum stöplum. Bilin á milli stöplanna vísa að höfuðgáttunum fjórum, þannig að miðnætursólin mun birtast í gegnum bilið sem snýr að norðurhliðinu. Einnig er hugsað til jafndægra og þegar sól er lægst á lofti. Í toppinn verður sett tilskorið ljósbrotsgler sem brýtur sólarljósið upp í frumlitina.




2.5. Hádegissteinninn

Hádegissteinninn er að ofan hringlaga með u.þ.b. 70 cm gati sem lagt verður skornum speglum. Í vissri stöðu sólar mun miðjan lýsast upp sem sól væri. Hádegissteinninn boðar sumarkomu



2.6. Geislasteinninn

Geislasteinninn verður með átta gáttum, holur að innan og lagður speglum. Hann mun fanga sólarljósið og endurkasta því í allar áttir, sérstaklega þegar sólin



skín beint upp í og ofan í steininn. Þegar sólris og sólsetur er skín sólin upp í steininn og ofan í hann skín hún þegar hún er í þeirri stöðu á himni.

Hugmynd um að útfæra steininn í söluvöru er að búa til borðlampa með hreyfanlegu ljósi í miðjunni. Þá er ljósið á hægri hreyfingu allt um kring, upp og niður. Lítillega er búið að kanna þessa útfærslu.

2.7. Pólstjörnusteinninn

Pólstjörnusteinninn er súla sem í verður mörkuð rauf og ef horft verður eftir henni er hægt að sjá Pólstjörnuna en sú stjarna er alltaf á sama stað og er því gott kennileiti.

2.8. Sólúrið

Bendisteinn mun gegna hlutverki sólúrs. Þar mun tími dagsins verða mældur eftir ákveðnu kerfi sem seinna verður ákveðið og mun miðsúlan gegna veigamiklu hlutverki. Ekki verður eingöngu hægt að sjá tíma dagsins því skuggi miðjunnar fellur á dvergasteinana og þannig verður hægt að sjá í hvaða árstíð og jafnvel viku við erum stödd. Þar sem þetta verður í samhengi við árshring dvergasteinanna verða dagarnir í hverri viku 5 eins og gamla tímatalið gæti hafa verið hér fyrr á öldum.

3. Hugmyndafræðin - árshringur dverganna

3.1. Dvergatalið

Dvergar þeir sem tvinnaðir eru saman við sjónarspil birtunnar í Heimskautsgerðin eiga uppruna sinn í Snorra-Eddu og Völuspá og jafnvel víðar í forníslenskum bókmenntum. Í Völuspá er upptalning á dvergunum í vísu 9 til 16 og hefur sú upptalning verið kölluð dvergatalið. Skoðanir um þetta dvergatal eru skiptar og telja margir að því hafi jafnvel verið bætt inn í Völuspá á síðari tímum. Þannig segir Sigurður Nordal: “*Varla mun nú nokkur skýrandi Völuspár svo íhaldssamur, að hann álíti allt dvergatalið (9-16 vísu) hafa staðið í kvæðinu frá upphafi.*”³ Helgi Hálfðánarson segir í bók sinni Maddaman með kýrhausinn að Völuspá sé eins og ker sem menn hafi límt vitlaust saman og að Völuspá sé ekki sú listasmíð sem líkur bendi til að hún hafi forðum verið, hún ekki sett saman á réttan hátt.⁴ Dvergatalið virðist við fyrstu sýn hafa lítið eða ekkert hlutverk í Völuspá ef undanskyldir eru 4 dvergar, þeir Norðri, Suðri, Austri og Vestri sem halda himninum uppi. Það eru uppi um það getgátur að í Völuspá vanti hluta og þar hafi verið að finna útskýringu á hlutverkum dverganna. Þó að dvergarnir séu taldir upp í Völuspá er ekkert meira skýrt út hvaða hlutverk þeir eiga að hafa. Samkvæmt goðafræðinni vitum við þó að þeir eiga að hafa kviknað sem maðkar af holdi Ýmis sem síðar hafi tekið á sig mannsmynd og búið í jörðu og steinum. Segja má að það tengi þá við náttúruna. Þessi sköpunarsaga er þó ekki eins og sköpunarsaga Völuspár og segir Sigurður Nordal að það sé eitt af því sem bendi til að dvergatalinu sé bætt inn í seinna meir.⁵

Burtséð frá fræðilegum rökræðum um dvergatalið í Völuspá þá er ljóst að það er notað sem ein af hugmyndafræðilegum undirstöðum Heimskautsgerðisins. Eins og áður hefur verið greint frá er það ekki markmið hér að kafa frekar ofan í uppruna þessa. Það sem máli skiptir er að Heimskautsgerðið tvinnar saman tilvist dverganna við leikinn með sólarljósið og finnur þeim nýtt hlutverk.

³ Sigurður Nordal. Fornar Menntir. 1993 Almenna Bókafélagið. bls 61.

⁴ Helgi Hálfðánarson. Maddaman með kýrhausinn. 1964. Prentsmiðjan Leiftur. bls 8

⁵ Sigurður Nordal. Fornar Menntir. 1993 Almenna Bókafélagið. bls 61.

Dvergarnir 72 ganga ekki alveg upp í árið ef miðað er við 365 daga en að líkindum voru forfeður okkar með aukadaga 4-5 á sumri og 1-2 á vetri.

Að neðan er dæmi um það hvernig árshringurinn er hugsaður:

Allir geta fundið "sinn" dverg samkvæmt afmælisdegi. Ef við gefum okkur að afmælisdagurinn sé 17. febrúar þá gefur árshringurinn eftirfarandi upplýsingar:

Hann/hún er fædd(ur) á *Þorranum* og það var tímabil *Njarðar*. Njörður er siglingagoð og giftur Skaða og býr í Nóatúni. Þorrinn var tileinkaður þrumugóðinu Þór og þaðan gæti nafnið verið komið. Dvergurinn *Dólgþrasi* er dvergur þess sem á þennan afmælisdag

Dólgþrasi 14. – 18. febrúar

*Að lenda ekki í illindum við hann
er afbragðs hugmynd fyrir dverg og mann.*

Ásamt því að kynna dvergana er þarna líka kynning á okkar gömlu mánaðarheitum og þeim goðum sem mánuðirnir tilheyra. Á þessu sést glögglega hvernig tímatalið, hið forna og nýja er tengt dvergatali fornþókmenntanna og sköpunarverki frumkvöðla verkefnisins þar sem dvergarnir eru persónugerðir með mynd- og ljóðrænum hætti.

Haukur Halldórsson listamaður hefur teiknað dvergana og Jónas Friðrik Guðnason skáld ort um þá alla og er það til bæði á íslensku og ensku.

Í áhringnum eru eins og áður sagði 72 dvergar sem allir hafa sitt hlutverk og sín séreinkenni. Þeir eru svo hluti af tímabilum goðanna sem eru gömlu mánuðurnir. Þegar á árið er litið sést að það eru 6 dvergar sem tilheyra hverjum (gamla) mánuði og hver mánuður tilheyrir ákveðnu goði. Taflan hér á eftir skýrir þetta út á ársvísu.

MÁNUÐUR	GOÐ	DVERGAR
Einmánuður	Óðinn	Vili, Kili, Fili, Fundinn, Skáfiður, Álfur
Harpa	Týr	Hlévargi, Iði, Aurnir, Bjartur, Blíður, Ginnar
Skerpla	Baldur	Hár, Glói, Svásuður, Skírnir, Suðri, Virvir
Sólmánuður	Heimdallur	Alþjófur, Lóni, Aurvangur, Jari, Eikinskjalði, Hannar
Heyannarmánuður	Freyja	Svíur, Frægur, Frár, Hornbori, Vegdrasill, Alvis
Tvímánuður	Frigg	Duni, Dynfari, Dvalinn, Litur, Vestri, Veigur
Haustmánuður	Loki	Gandálfur, Vindálfur, Yrsi, Vitur, Ráðsviður, Reginn
Gormánuður	Víðar	Vetrarfaðir, Frosti, Fjalar, Fjörkaldur, Þrár, Niði
Ýlir	Ullur	Mótsognir, Durinn, Dvalinn, Vindsvalur, Norðri, Bívör
Mörsugur	Freyr	Mörsugur, Bömbur, Nóri, Án, Ái, Ánar
Porri	Njörður	Melur, Náli, Nýráður, Dellingur, Draupnir, Dólgprasi
Góa	Þór	Haugspori, Dóri, Grítingur, Hefti, Austri, Várkaldur

Nánar er fjallað um áhring dverganna og útfærslu í Viðauka I.

4. Áhrif Heimskautsgerðis á atvinnulíf⁶

4.1. Staða ferðapjónustu í dag

Tiltölulega fá ferðapjónustustörf eru á svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum til Þistilfjarðar og þau tengjast nær eingöngu gistingu og/eða veitingasölu.

Rekið er sumarhótel í skólanum í Lundi og þar er einnig matsala, auk tjaldstæðis og sundlaugar. Á Kópaskeri er gistiheimili en matsölustaður er þar enginn eins og er. Tvær íbúðir í parhúsi eru leigðar út í skammtímaleigu yfir sumarið. Verslunin hefur langan opnunartíma á sumrin. Lítið tjaldstæði er ennfremur á Kópaskeri, en þar er engin þjónusta önnur en salerni.

Á Raufarhöfn er rekið vel búið hotel með matsölu. Verslunin er rekin og sjoppa í tengslum við hana. Samanlagt hafa verslun og sjoppa langan opnunartíma, a.m.k. yfir sumarið. Sundlaug er á staðnum og tjaldstæði. Nýmæli í þjónustu á Raufarhöfn er sigling með hópa og er þá m.a. siglt norður að heimskautsbaug, þar sem ferðamönnum býðst að synda yfir bauginn. Hefur björgunarbátur staðarins verið notaður í þessu skyni.

Merktar gönguleiðir eru frá Raufarhöfn um Sléttu. Góð silungsveiði er í fjölmörgum vötnum um alla sléttu.

Í Þistilfirði er rekin ferðapjónusta þar sem boðið er upp á gistingu og veitingar. Skólinn er rekinn sem gististaður á sumrin og í sveitarfélaginu eru 4 laxveiðiár með tilheyrandi gistiaðstöðu.

Á Þórshöfn er sjoppa með veitingasölu, 3 gistiheimili og matsölustaður, svo og verslun. Sundlaug er á staðnum og tjaldstæði. Á Langanesi er tjaldstæði og þar hafa verið merktar gönguleiðir. Einnig er verið er að koma upp aðstöðu fyrir ratleik á nesinu.

Síðustu ár hefur verið hugað að merkingu göngu- og/eða reiðleiða og áhugamenn um fuglaskoðun vinna að því að vekja athygli á miklum möguleikum sem svæðið býður upp á. Lítið sem ekkert hefur verið boðið upp á ferðir með

⁶ 4. kafli þessarar skýrslu er unninn af Kristjáni Halldórssyni, starfsmanni Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í ágúst/september 2005.

staðkunnugum leiðsögumönnum um svæðið og ferðamenn fara nær eingöngu um það á eigin vegum. Á árinu hefur verið unnið að gerð sérkorta með merktum göngu og/eða reiðleiðum og hafa fyrstu kortin þegar verið prentuð þegar þetta er ritað.

Atvinnupróunarfélag Þingeyinga hefur, fyrir hönd aðila á svæðinu, tekið þátt í strandmenningarverkefni á vegum NPP (Northern Periphery Programme). Meginmarkmið verkefnisins er að stuðla að fjölgun ferðamanna og frekari atvinnuuppbyggingu m.a. með því að virkja aðila til framkvæmda. Í verkefninu er horft til eftirfarandi meginþátta:

- Aðgengi og upplýsingar um áhugaverða staði
- Vitar sem n.k. leiðarljós fyrir ferðafólk vegna sérstöðu þeirra m.t.t. staðsetningar, sýnileika og aðstæðna.
- Merkja gönguleiðir og setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti.
- Fiskur og fæða, þ.e. tengja mat og útgerðarsögu
- Náttúrulífsskoðun svo sem fugla- hvala- og selaskoðun.

4.2. Fjöldi ferðamanna og tekjur af þeim

Í maí 2004 fékk Atvinnupróunarfélag Þingeyinga Rögnvald Guðmundsson hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðabjónustunnar, til taka saman gögn um heimsóknir ferðamanna. Samantektin ber heitið “Ferðamenn í Þingeyjarsýslum”.

Með því helsta sem fram kemur í samantektinni er varðar norðausturhorn landsins fer hér á eftir:

Innlendir ferðamenn:

- Áætlað er að innlendum ferðamönnum fjölgi um 6% árlega.
- Áætlað er að meðaltali 34% Íslendinga heimsæki Þingeyjarsýslur árlega, þ.a. gista 42-47% en 53-58% gista ekki.
- Áætlað er að 6-8% Íslendinga fari um Melrakkasléttu og Langanes, þ.e. 20% þeirra Íslendinga sem heimsækja Þingeyjarsýslur. Rögnvaldur áætlað að árið 2003 hafi 93 þúsund innlendir ferðamenn komið í Þingeyjarsýslur og þar með um 20 þúsund þeirra á norðausturhluta svæðisins.

Erlendir ferðamenn:


- Áætlað er ferðamönnum fjölgi árlega um 6%.
- Áætlað er að árlega komi 100-110 þúsund ferðamenn í Þingeyjarsýslur.
- Áætlað að 9-10 þúsund ferðamenn hafi komið á norðausturhluta svæðisins.

Á þessu sést að áætlað er að árlega fari allt að 30 þúsund ferðamenn um svæðið og að þeim fjölgi um 6% á ári.

Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs (Ferðamálaráð Íslands; könnun á ferðavenjum Íslendinga 2003 – helstu niðurstöður) er dagleg meðaleyðsla íslensks ferðamanns tæpar 2.800 kr./dag. Erlendir ferðamenn sem ferðast á eigin vegum eyða mun meiru, eða um 8.900 kr./dag að meðaltali.

Séu tölur um áætlaðan fjölda ferðamanna og tölur um eyðslu teknar saman, má áætla að eyðsla innlendra ferðamanna í norðausturhluta Þingeyjarsýslna gæti hafa verið 55 millj. króna og eyðsla erlendra ferðamanna 85 millj. króna, eða alls 140 milljónir. Það er erfitt að meta hvort þetta er nærri raunverulegri veltu í ferðaþjónustu á svæðinu, en á hinn bóginn er hægt að segja sem svo að þetta væri raunveruleg velta ef framboð á þjónustu væri nærri landsmeðaltali.

Eins og fram kemur í samantekt Rögnvaldar Guðmundssonar er árleg fjölgun ferðamanna 6%. Samkvæmt því er hægt að áætla fjölda ferðamanna og meðaleyðslu næstu ár.



Á myndinni að ofan er miðað við lítið breytt ástand á aðstæðum, svo sem í samgöngumálum, en þar er einmitt verulegra breytinga að vænta.

4.3. Samgöngumál

Norðausturvegur tengir saman byggðakjarnana á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Vegurinn liggur með sjó um Melrakkaslétu og er ekki lagður bundnu slitlagi. Fullvíst má telja að vegurinn sé takmarkandi þáttur í ferðalögum um svæðið, enda er hann mjög misgóður. Fer ástand hans einkum eftir viðhaldi og tíðarfari.

Samkvæmt núgildandi vegaáætlun (Vegagerðin, samtal KPH við Guðmund Heiðreksson 30.08.2005) er gert ráð fyrir að lagður verði vegur með bundnu slitlagi yfir Hólaheiði á sunnanverðri Melrakkaslétu, frá Katastöðum til Þistilfjarðar á árunum 2006 – 2008. Frá þeim vegi er áætluð tenging norður til Raufarhafnar á árunum 2009-2011.

Ljóst má vera að ferðum um gamla þjóðveginn um Slétu, frá Kópaskeri til Raufarhafnar, mun fækka verulega eftir að tenging kemst á yfir Hólaheiði 2008 og á árunum 2009-2011 verður Raufarhöfn eini þéttbýliskjarninn í Þingeyjarsýslum án tengingar við þjóðveg 1 með vegi með bundnu slitlagi. Þrátt fyrir tengingu við Hólaheiðarveg verður Raufarhöfn úr leið og það er því mjög mikilvægt að auka aðdráttarafl staðarins ef þjónusta á ekki að hraka stórlega frá því sem nú er, að ekki sé talað um sókn í ferðþjónustu. Að byggja Heimskautsgerðið er afar athyglisverð hugmynd og mikilvægt er að framkvæmdum við gerðið ljúki á árinu 2008, ekki síðar en þegar vegtengingin verður komin yfir Hólaheiðina.

4.4. Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og ferðamenn


Heimskautsgerðið mun án efa höfða til ýmissa hópa ferðamanna. Nægir þar að nefna nokkur atriði sem varða aðdráttarafl þess:

- Stærð og mikilfengleik.
- Byggingarefni, m.a. steina víða af jörðinni.

- Staðsetningu með tilliti til víðáttu og nálægðar við norður-heimskautsbaug.
- Tengingu við náttúrufrýrbæri svo sem stöðu sólar á hverjum tíma, með hárnákvæm smáatriði í speglun ljóss, mitt í stórskornu efninu sem gerðið er byggt úr. Norðurljós eru einnig líkleg til vinsælda.
- Tengingu við norrænan sagnaarf.


Markmið með byggingu Heimskautsgerðisins er að fjölga ferðamönnum verulega umfram áðurgreinda spá um 6% aukningu, þrátt fyrir breyttar aðstæður í samgöngum.

Fyrstu árin verður lögð áhersla á að ná til stærri hluta þess hóps sem þegar er kominn í Þingeyjarsýslur á hverju ári. Gert er ráð fyrir að hlutfallið úr þeim hópi hækki úr 20% í 25%. Einnig er tekið tillit til áætlaðrar fjölgunar um 6% árlega. Það þýðir mjög mikla áætlaða veltuaukningu eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd.



Glögg má sjá að með tilkomu Heimskautsgerðisins skapast jarðvegur fyrir verulega aukið framboð á þjónustu við ferðamenn á Raufarhöfn og nágrennabyggðarlögum, enda eru eyðslutölurnar væntanlega mjög háðar framboði á þjónustu.

Hægt er að velta fyrir sér mögulegri fjölgun starfa á svæðinu miðað við ofangreindar eyðslutölur. Ef gert er ráð fyrir að hlutfall launa og launatengdra gjalda af veltu sé eftirfarandi; 10%, 15% og 20%, fást eftirfarandi niðurstöður. Reiknað er með að ársstarfið kosti 2.500 þúsundir króna.



Rétt er að ítreka að frekar á að líta á þetta sem tækifæri í að skapa störf, frekar en að störfin komi að sjálfu sér. Skipta má eðli þjónustunnar í nokkra flokka eftir því hvernig þjónustan tengist heimskautsgerðinu.

Grunnþjónusta

Augljósustu áhrifin af svo mikilli fjölgun ferðamanna á svæðinu koma fram í sölu á veitingum og tengdri þjónustu, þar með talinni gistingu, enda má áætla að þessi liður sé nokkuð hátt hlutfall af eyðslunni. Þetta rennir traustum stoðum undir þá starfsemi sem nú þegar er fyrir hendi og gæti gefið svigrúm til frekari þjónustu. Í því sambandi er mikilvægt að taka mið af breyttum ferðaháttum, t.d. með því að útbúa tjaldstæði með aðgangi að rafmagni fyrir húsbíla og vagna.

Sérhæfð þjónusta er varðar Heimskautsgerðið

Vegna mikillar sérstöðu gerðisins er varða bæði byggingarstíl og tengingu við fornar sagnir, eru miklir möguleikar í sölu á minjagripum, bókum og gerð persónulegra spákorta svo nokkuð sé nefnt. Þetta varðar einkum annatíma í

ferðapjónustunni. Framleiðsla minjagripa gæti hins vegar farið fram allt árið og skapað atvinnu á svæðinu.

Nauðsynlegt er að samhliða uppbyggingu sjálfs heimskautsgerðisins verði komið upp þjónustuaðstöðu með rými fyrir sýningu á sögu og öðrum upplýsingum er tengjast gerðinu. Þetta er lykilatriði í að árangur náist í sölu á þessari þjónustu.

Önnur þjónusta

Með tilkomu gerðisins skapast ennfremur jarðvegur fyrir aðra þjónustu við ferðamenn. Sem dæmi um þjónustu í þessu sambandi mætti nefna:

- Sjóferðir með sjóstöng, fugla- og hvalaskoðun
- Ævintýraferðir á vötnum Melrakkasléttu
- Hestaferðir
- Fuglaskoðun á landi
- Gönguferðir með leiðsögn um svæðið, bæði Sléttu og Langanes.
- Frekari hagnýting nálægðar við heimskautsbaug, en hugmyndir um það hafa vaknað í framhaldi af áður nefndu strandmenningarverkefni, NPP.

4.5. Niðurstöður um áhrif á atvinnulíf

Ferðapjónusta hefur átt erfitt uppdráttar í norðaustur hluta Þingeyjarsýslna. Störf í ferðapjónustu eru heldur fá og nær eingöngu í grunnþjónustu, þ.e. veitingasölu og gistipjónustu. Ætla má að ferðamenn eyði þar af leiðandi hlutfallslega minna á ferðum sínum um þetta svæði heldur en kannanir á landsvísu gefa til kynna.

Það er mjög brýnt að snúa vörn í sókn í ferðamálum í norðaustur hluta Þingeyjarsýslna. Þetta á ekki síst við um Raufarhöfn, sem verður mun verr sett eftir breytingu á vegsamgöngum árið 2008 þegar vegurinn yfir Hólaheiði verður opnaður. Jafnvel eftir tenginu frá þeim vegi norður til Raufarhafnar árið 2011 verður á brattann að sækja þar sem Raufarhöfn verður endastöð.

Heimskautsgerðið er lykilatriði í sókn í ferðamálum. Það mun laða ferðamenn til Raufarhafnar og gefa mikla möguleika á uppbyggingu ferðapjónustu þar og jafnframt í nágrennabyggðarlögunum bæði austan og vestan Raufarhafnar. Tækifærin eru í grunnþjónustu, sérhæfðri þjónustu tengdri heimskautsgerðinu,

s.s. sölu minjagripa oph. og síðast en ekki síst í uppbyggingu afþreyingarþjónustu á svæðinu öllu, s.s. siglingum á sjó, vatnasiglingum, veiðum ofl. Eins og staðan er nú er ekki nægilegur hvati fyrir ferðamanninn til að stoppa á ferð sinni og því skila tekjurnar sér að líkindum ekki inn á svæðið. Heimskautsgerðið gefur mikla möguleika í að snúa dæminu við og auka tekjurnar verulega.

Gengið er út frá áætlun um 6% fjölgun ferðamanna á ári á næstu árum og hækkun hlutfalls þeirra ferðamanna sem halda áfram austur til Raufarhafnar eftir að þeir eru komnir í Þingeyjarsýslur úr 20% í 25%. Miðað við þessar forsendur má áætla að velta í ferðarþjónustu gæti orðið 250-300 milljónir króna árið 2012. Samkvæmt ofanrituðu gæti þetta þýtt á milli 20 og 30 heilsársstörf á svæðinu.

5. Heimildaskrá

Skriflegar heimildir

- Árni Björnsson. 1993. *Saga Daganna*. Almenna bókaforlagið
- Bæksted Anders. 1986. *Goð og Hetjur í heiðnum sið*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Eysteinn Þorvaldsson íslenskaði.
- Guðmundur L Friðfinnsson. 1991. *Þjóðlíf og þjóðhættir*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Helgi Hálfðánarson. 1964. *Maddaman með kýrhausinn*. Prentsmiðjan Leiftur.
- Sigurður Nordal. 1993. *Fornar Menntir III*, sögur og kvæði. Almenna bókafélagið.
- Edda*. 1999. Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunnar. (Snorri Sturluson.) Iðnú.
- Völuspá, sonartorrek 12 lausavísur Egils*. 2000. Þráinn Löve samdi skýringar. Fósturmold.
- Jónas Friðrik Guðnason. 2004. *Dvergatal* (kveðskapur um dverga). Óútgefið. (Sjá viðauka I)


Munnlegar og óútgefnar heimildir

- Erlingur Thoroddsen. 2005. Viðtöl við Erling Thoroddsen. Júní – ágúst 2005.
- Guðný Hrund Karlsdóttir. 2005. Upplýsingar um verkefnið Heimskautsgerði. Tölvuskjal.
- Haukur Halldórsson. Nóvember 2004. Upplýsingahefti um Heimskautsgerðið.
- Haukur Halldórsson. 2005. Viðtal höfundar við Hauk Halldórsson um teikningu og hugmyndafræði Heimskautsgerðis. 23.júní 2005.
- Haukur Halldórsson. Síma viðtal höfundar við Hauk Halldórsson um goð og gömlu mánuðina. 10. júlí 2005.
- Kristján Halldórsson. 2005. Samantekt um áhrif Heimskautsgerðis á atvinnulíf. Unnið á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í ágúst og september 2005.

Vefsíður

- <http://www2.fa.is/deildir/islenska2/eddukvaedi/volusp/solv.html> Tekið af netinu 13.06.05.
- <http://www.snerpa.is/net/kvaedi/volospa.htm> Tekið af netinu 13.06.05.

Viðauki – árshringur dverga



Gömlu mánuðirnir og goðin sem þeir tilheyrðu

Hugmyndafræði Heimskautsgerðisins á Raufarhöfn byggist, eins og hér hefur verið rakið m.a. á því að tengja gamla mánaðartalið við dverga Völuspár. Að neðan má sjá hvernig dvergarnir eru tengdir við áhringinn og persónugerðir með karakterlýsingum í bundnu máli. Kveðskapurinn er eftir *Jónas Friðrik Guðnason*.

Einmánuður – tímabil Óðins 23. mars – 21. apríl

Í gamla tímatalinu hefst árið 23. mars og þess vegna var mánuðurinn kallaður

Einmánuður eða einn fyrsti mánuður.

Óðinn samdi við syni Mímis um að fá að drekka af vísdómsbrunninum við eina af rótum Yggdrasils. Til að fá ósk sína uppfyllta varð hann að fórna öðru auga sínu í brunninn. Óðinn býr að Gláðheimum en veislusalir hans eru í Valhöll. Kona Óðins er Frigg hin margfróða.

Vikan 21. – 25. mars

Dvergurinn Vili

Vili er smiður eða sá sem býr til flókna hluti (vélar)

*“Af list og vél hann lipurt vinnur
og lausn á mörgum vanda finnur“*

Vikan 26. – 30. mars

Dvergurinn Kili

Kili er sá sem fleygar eða klífur steina tré (steinsmiður)

*“Þeim gagnast best er grjótið ber
að gæta vel að fingrum sér”*

Vikan 1. – 4. apríl

Dvergurinn Fili

Fili sá sem gætir skáldamjaðarins og býr til búsáhöld

*“Af nísku skammtar skáldamjööðinn
skáldunum sem rita í blöðin”*

Vikan 5. – 9. apríl

Dvergurinn Fundinn

Fundinn er sá Fundvísi

*“Fundinn veit um flest sem týnist
og finnur það sem honum sýnist”*

Vikan 10. – 14. apríl

Dvergurinn Skáfiður

Skáfiður gróðursetur tré, bein þýðing gott tré

“Hvert göfugt tré er gjöf frá þér
- þú gerir ósköp lítið hér”

Vikan 15. – 19. apríl

Dvergurinn Álfur

Álfur er frjósemis dvergur

“Vekur jörð og frjósemd færir
flestu því sem moldin nærir”

Harpa – tímabil Týs 22. apríl – 21. maí

Dagda er goð árstíðanna hjá Keltum og hún leikur á hörpu fyrir vorið og sumarkomu og þaðan kemur nafnið á mánuðinum Harpa.

Týr og jarðargyðjan Nerfus systir Njarðar dvelja oft á eyju einni er Nærey heitir. Á þeirri eyju er helgur lundur þar sem Nerfus geymir vagn sinn og kvígur tvær sem draga þann vagn er hún fer ásamt Tý til mannheima.

Týr er goð þinga og hernaðar, einnig er hann mikilvægur í fjölkyngi og göldrum.

Vikan 20. – 24. apríl

Dvergurinn Hlévangur

Hlévangi hefur fylgt varðúlfur
“Þann áreitir enginn né grætir
sem úlfurinn fylgir og gætir”

Vikan 25. – 29. apríl

Dvergurinn Iði

Iði sá sem er aldrei kyrr, iðinn við gullgerð
“Að dotta í leti dugar ekki neitt
í deiglunni ef gullið býður heitt”

Vikan 30. apríl – 4. maí

Dvergurinn Aurnir

Aurnir sá ríki, er tengt gróðri
“ Bæði gróða og gróðri ann
að græða þessi dvergur kann”

Vikan 5. – 9. maí

Dvergurinn Bjartur

Bjartur sá skapgóði
“Um list og speki leiðir fáar kunnar
og lærði aldrei kosti geðvonskunnar”

Vikan 10. – 14. maí

Dvergurinn Blíður

Blíður sá sem sér um fugla og skordýr (fiðrildi)
“Við fiðrildasvif og fuglasöng
í fegurð unir sér dægrin löng”

Vikan 15. – 19. maí

Dvergurinn Ginnar

Ginnar sá göldrótti (með græna fingur)

“Með galdralist og græna fingur
við garðyrkju og fleira slyngur”

Skerpla – tímabil Baldurs 22. maí – 20. júní

Í þessum mánuði skerpist sólin, hækkar á himni og verður sterkari. Þess vegna kallast mánuðurinn **Skerpla**

Baldur býr að Breiðabliki með konu sinni Nönnu. Þeirra sonur er Forseti. Frá þeim eru konungsættir Danmerkur komnar. Baldur átti hið mikla skip Hringhorna sem gat siglt bæði í byr og án byrs. Í segli Hringhorna var sólartákn sem lýsti svo af að hægt var að sigla í myrkri.

Vikan 20. – 24. maí

Dvergurinn Hár

Hár sá langi mjói (grasvöxtur)

“Grasið laðar grundu frá
grannur vexti líkt og strá”

Vikan 25. – 29. maí

Dvergurinn Glói

Glói hinn skínandi, hinn hreinlátí

“Dvergum þykir Glói gjarnan skrýtin
gerir hreint og þolir ekki skítinn”

Vikan 30. maí – 3. júní

Dvergurinn Svásuður

Svásuður hinn mildi blómadvergur

“Mildur og stássgjarn sá stúfur
og stráir blómskrúð á þúfur”

Vikan 4. – 8. júní

Dvergurinn Skírnir

Skírnir sá sem lýsir (með ljósker)

“Með ljósker þessi löngum fer
og lýsir sumarkvöldin hér”

Vikan 9. – 13. júní

Dvergurinn Suðri

Suðri sá sem heldur uppi suðrinu

“Suðurhornið himins ber
og hlýjan blæinn sendir þér”

Vikan 14. – 18. júní

Dvergurinn Virvir

Virvir sá sem litar (listadvergurinn)

“Um betri dverga varla vitum
Virvir glæðir heiminn litum”

Sólmánuður - tímabil Heimdallar 21. júní – 20. júlí

Þarna er sólin hæst á lofti, þá eru sólstöður og þaðan kemur nafnið **Sólmánuður**

Heimdallur á hrút þann er Hallinskíði heitir, hann fylgir honum hvert sem hann fer. Reifi hrútsins er svo bjart að af lýsir. Hest á Heimdallur líka er Gullintanni heitir. Heimdallur býr þar er heitir Himinbjörg við Bifröst. Hann er vörður goðanna.

Vikan 19. – 23. júní

Dvergurinn Alþjófur

Alþjófur hinn fullkomni þjófur, virðist tengt afleggjurum

“Heldur er í hirðusemi grófur
og hann er frægur afleggjaralþjófur”

Vikan 24. – 28. júní

Dvergurinn Lóni

Lóni hinn lýsandi, færir ljós í skúmaskot

“Fjölmiðladvergur sem lýsir skúmaskotin
á skúrka sem þar kúra með áform rotin”

Vikan 29. júní – 3. júlí

Dvergurinn Aurvangur

Aurvangur er byggingameistarinn (Aurvangur er líka bústaður dverga)

“Bústað dverga byggði sá
og bókaði hann nafn sitt á”

Vikan 4. – 8. júlí

Dvergurinn Jari

Jari hinn þrasgjarni (orrustudvergur)

“Hér er þras og þrætugirni rík
Þessi dvergur fer í pólitík”

Vikan 9. – 13. júlí

Dvergurinn Eikinskjaldi

Eikinskjaldi sá sem gengur með eikarskjöld

“Virðist okkur veröld grimm og köld
er vissara að bera góðan skjöld”

Vikan 14. – 18. júlí

Dvergurinn Hannar

Hannar hinn leikni uppfinninga dvergur

“Ólgandi hugur Hannars við nýjungar fæst
Fer hann kannski að fikta við atómið næst?”

Heyannarmánuður - tímabil Freyju 21. júlí – 23. ágúst

Í þessum mánuði voru heyannir og þaðan kemur nafnið **Heyannarmánuður**

Freyja er fegurst og tignust af ásynjum. Hún býr á Fólkvangi þar er Sessrúnir mikill og fagur salur og sæti fyrir ótölulegan fjölda. Óður maður hennar var kaupahéðinn mikill og fór um heiminn og úr einni af þeim ferðum kom hann ekki aftur. Þá grét Freyja gulltárur og leitaði hans í valsham um allan heim. Freyja er ástargyðja.

Vikan 19. – 24. júlí

Dvergurinn Svíur

Svíur sá sem kemur og fer (er í feluleik)

“Svíur kemur, felur sig og fer

Finnst þér hann vera starfsmaður opinber?”

Vikan 25. – 30. júlí

Dvergurinn Frægur

Frægur hinn frægi, gömul afrek

“Hann minnir á forna frægðarljómann

- löngu orðinn innantóman”

Vikan 31.júlí – 4. ágúst

Dvergurinn Frár

Frár hinn eldfljóti hlaupagarpur

“Sá létti hlaupastíll er listin tær

leggur af stað á morgun og kemur í gær”

Vikan 5. – 9. ágúst

Dvergurinn Hornbori

Hornbori, drykkjarhornasmiðurinn

“Þegar öl úr horni hressir sál

hornasmiðsins drekka ættum skál”

Vikan 10. – 14. ágúst

Dvergurinn Vegdrasill

Vegdrasill sá seinfæri eða hægláti

“Asa og fumi út skal bægt

eins má komast þó förum hægt”

Vikan 15. – 19. ágúst

Dvergurinn Alvís

Alvís sá sem allt veit

“Einn af þeim sem alla hluti veit
og óferjandi þykja í hverri sveit”

Tvímánuður - tímabil Friggjar 24. ágúst – 22.sept

Þarna er hálf tónn árið liðið og annað tímabil að hefjast eða seinni hlutinn af árinu og líklegt að þess vegna beri mánuðurinn nafnið **Tvímánuður**.

Frigg er höfuðgyðja af ásaættum. Hún er kona Óðins og móðir tvíburana Baldurs og Höðurs. Faðir hennar er hinn lítt þekkti jötun Fjörgyn. Frigg býr að Fensölum í Ásgarði.

Vikan 20. – 24. ágúst

Dvergurinn Duni

Duni sá alskeggjaði eða loðni

“Líklega honum lýsir best
loðinn hvar sem í hann sést”

Vikan 25. – 29. ágúst (síðasta vika sumars)

Dvergurinn Dynfari

Dynfari sá hávaðasami (ærslabelgur)

“Með ærsl og hávaða daginn út og inn
sá eini dvergur sem var aldrei fullorðinn”

Vikan 30. ágúst – 3. september

Dvergurinn Dvalinn

Dvalinn sá hægláti (þrákálfur)

“Réttast að malda í móinn og stauta
og mjakast ei hót, hvað sem aðrir tauta”

Vikan 4. – 8. september

Dvergurinn Litur

Litur er tengdur haustlitunum

“Fjúkandi lauf og litaspuni
fegurðin blönduð feigðargruni”

Vikan 9. – 13. september

Dvergurinn Vestri

Vestri sá sem heldur uppi vestrinu

“Sjálfsagt ekkert aðfinnsluvert eða ljótt:
en hún sefur hjá honum sólin hverja nótt”

Vikan 14. – 18. september

Dvergurinn Veigur

Veigur hinn kraftmikli, veit um lækningajurtir

“Það jurtaseyði er sýpur hann
var sett af lyfjanefnd í bann”

Haustmánuður - tímabil Loka 23. sept – 22. okt

Þarna er haustið komið og því kallast hann **Haustmánuður**.

Loki er sá sem veldur usla hjá ásunum. Hann er í senn illur og uppátækjasamur en einnig úrræðagóður og leysir vanda sem hann hefur sjálfur búið til. Kona hans er Sigyn og hún sér um að jafnvægi haldist í kringum Loka. Loki á líka 3 börn með Angurboða sem eru svo skelfileg að goðin létu sækja þau og koma þeim fyrir.⁷

Vikan 19. – 23. september

Dvergurinn Gandálfur

Gandálfur sá sem kann töfra (er með mikinn staf)

“Galdradvergur. Stafinn stinnan og sveran,
stoltur reistan upp fyrir höfuð ber hann”

Vikan 24. – 28. september

Dvergurinn Vindálfur

Vinálfur sá sem ræður haustvindum

“Vindar haustsins þyrta litríku laufi
lært að stjórna þeim getur enginn klaufi”

Vikan 29. september – 3. október

Dvergurinn Yrsi

Yrsi sá sem svæfir gróður (tengdur gróðurgyðjunni Irpu)

“Er veturinn nálgast vinurinn góður
syngur í blundinn sumargróður”

Vikan 4. – 8. október

Dvergurinn Vitur

Vitur til hans er leitað í vandræðamálum

“Að leysa vanda varla neitar
er vinur sem i raun þú leitar”

⁷ Bæksted Anders. Goð og hetjur bls 162.

Vikan 9. – 13. október

Dvergurinn Ráðsviður

Ráðsviður sá sem kann ráð við öllu (ráðgjafi dvergakonungs)

“Ræður konungi ráðin skjótur
var ráðgjafi konungs ekki oftast þrjótur?”

Vikan 14. – 18. október

Dvergurinn Reginn

Reginn sá sem gerir áætlanir í tíma

“Sá sem skelfur ei þó blási kalt um kinn
sem kann að undirbúa veturinn”

Gormánuður - Tímabil Víðars 23. okt – 22. nóv

Heimaslátrun hófst og gorinn flæddi, þess vegna heitir mánuðurinn

Gormánuður.

Víðar er bróðir Þórs og er mikill veiðigarpur. Hann býr að Víðvangi og er einfari. Víðar hefnir Óðins í ragnarökum og drepur Fenrisúlfr. Hann endurreisir heiminn eftir ragnarök.

Vikan 19. – 24. október (fyrsta vika vetrar)

Dvergurinn Vetrarfaðir

Vetrarfaðir sá sem kallar inn veturinn (hvítklæddur)

“Bíður veturinn velkominn
vafinn í hvíta feldinn sinn”

Vikan 25. – 29. október

Dvergurinn Frosti

Frosti sá sem býr til frostrósir

“Hagur málar ljósum litum

listaverk af hvítum rósum”

Vikan 30. október – 3. nóvember

Dvergurinn Fjalar

Fjalar sá klóki bragðarefur

“Þú veist ei hvar þennan hefur

þetta er mesti bragðarefur”

Vikan 4. – 8. nóvember

Dvergurinn Fjörkaldur

Fjörkaldur honum fylgir oft stórhrið

“Fjörkaldur er fer um jörð

fylgir stórhrið grimm og hörð”

Vikan 9. – 13. nóvember

Dvergurinn Þrár

Þrár sá þrjóski, gefst aldrei upp

“Þó Dvalinn sumum þyki þver

þverhaus meiri finnum hér”

Vikan 14. – 18. nóvember

Dvergurinn Niði

Niði sá dökki, er tengdur minnkandi tungli

“Máni sá er undan úlfi flýr

á hans fylgd, í næturskugga býr”

Ýlir - tímabil Ullar 23. nóv – 22. des

Þarna fara vindar að herða og það ýlir í vindinum, því kallast mánuðurinn **Ýlir**.

Ullur á þann boga er Allvaldsbogi heitir. Hann er einnig skíðagarpur mikill. Ullur er sonur Sifjar konu Þórs. Hann er uppeldissonur hans. Seinna giftist Ullur Skaða og þau eignast Ívaldasyni sem bjuggu að Ýdölum.

Vikan 19. – 23. nóvember

Dvergurinn Mótsognir

Mótsognir sá sem hefur allt á hornum sér, sá þreytti

“Af önnum bæði mæddur og móður
og minna en lítið í skapi góður”

Vikan 24. – 28. nóvember

Dvergurinn Durinn

Durinn sá sem gætir innganga í dvergheima

“Inn í dvergaheim enginn fer
sem ekki honum að skapi er”

Vikan 29. nóvember – 4. desember

Dvergurinn Dvalinn

Dvalinn sá sem gerir ekkert án þess að hugsa sig vandlega um

“Þá aðra grunar að hann sé að slugsá
er hann bara næsta leik að hugsa”

Vikan 5. – 9. desember

Dvergurinn Vindsvalur

Vindsvalur það gustar af honum, lokar aldrei á eftir sér

“Inn með gusti og gassa fer
og gleymir að loka á eftir sér”

Vikan 10. – 15. desember

Dvergurinn Norðri

Norðri sá sem heldur uppi Norðrinu

“Norðurskauti himins hampar
hrjóta af augum kaldir glampar”

Vikan 16. – 20. desember

Dvergurinn Bívör

Bívör er skreytingameistarinn

“Laginn við að bæta og breyta
Bívör sér um það að skreyta”

Mörsugur - Tímabil Freys 23. des – 21. jan

Erfiðasti tími vertursins saug allan þrótt úr fólki og þaðan kemur nafnið

Mörsugur.

Freyr býr í Álfheimum. Hann ræður fyrir regni og skinu sólar. Hið mikla skip Skíðblaðnir tilheyrir Frey og Gölturinn Gullinnbursti. Kona Freys er Gerður Gímnisdóttir og sonur þeirra er Fjölur. Freyr er forfaðir sænsku ynglinga konungsættarinnar.

Vikan 21. – 25. desember

Dvergurinn Bávör

Bávör sá sem skreytir jólatré (skjaldaskreytir)

“Pentar skjöld með skrautlegt spé
og skreytir líka jólatré”

Vikan 26. – 30. desember

Dvergurinn Bömbur

Bömbur sá feiti og káti jóladvergur

“Jóladvergur digur og kátur

drjúgur við hangiket og slátur”

Vikan 31. desember – 4. janúar

Dvergurinn Nóri

Nóri sá litli saklausi jóladvergur

“Lítill dvergur, ljúfur bæði og vær

líkt og fleirum jól eru honum kær”

Vikan 5. – 9. janúar

Dvergurinn Án (Áin)

Án sá sem skráir ættir (móðurættir)

“Sanna vissu þessi þráir

og þekktar móðurættir skráir”

Vikan 10. – 14. janúar

Dvergurinn Ái

Ái sá sem skráir föðurættir

“Lætur eins og dyggðin dafni

dregur upp ætt af föður nafni”

Vikan 15. – 19. janúar

Dvergurinn Ánar

Ánar veit allt um gerðir forfeðra og mæðra

“Veit allt um eldri ættir þínar

og artir þeirra miður fínar”

Þorri - tímabil Njarðar 22. jan – 22. feb

Þorrinn var tileinkaður Þrumugöðinu Þór og tengist nafnið líklega Þórsnafninu.

Njörður er af vanaættum og býr að Nóatúni. Hans kona er Skaði en fyrir átti hann Frey og Freyju. Njörður er siglingagoð og ræður hann fyrir göngu vinds og stillir elda. Á hann skal heita til sjóferða, veiða og einnig til árs og friðar.

Vikan 20. – 24. janúar

Dvergurinn Mölur

Mölur er sá útsmogni

“Lumar bæði á leikni og klækjum
lítið gull til hans við sækjum”

Vikan 25. – 29. janúar

Dvergurinn Náli (Nár)

Náli er klæðskerinn

“Kann sá vel klippa og sníða
klæði að sauma, bæta og prýða”

Vikan 30. janúar – 3. febrúar

Dvergurinn Nýráður

Nýráður sá sem kemur á óvart

“Undrun þessi ætíð vekur,
upp á nýju stöðugt tekur”

Vikan 4. – 8. febrúar

Dvergurinn Dellingur

Dellingur sá skrautgjarni (glysgjarn)

“Hneiðgur fyrir glys og glingur
gulli prýðir hvern sinn fingur”

Vikan 9. – 13. febrúar

Dvergurinn Draupnir

Draupnir er skartgerðardvergurinn (gullsmiður)

“Dvergabauga drottir jarðar þrá

Draupnir kann þá list að smíða þá”

Vikan 14. – 18. febrúar

Dvergurinn Dólgprasi

Dólgprasi er óæskilegur andstæðingur

“ Að lenda ekki í illindum við hann

er afbragðs hugmynd, fyrir dverg og mann”

Góa - Tímabil Þórs 23. feb – 20. mars

Góa er vatnagýðja og tengist hún leysingum í ám. Talað er um að í þessum mánuði undirbúi Góa og Freyja fiskgegnd í vötnum.

Þór er stór vexti, rauðskeggjaður og sterklegur mjög. Mikill mat og drykkjar maður og svo ráðvundur að jaðrar við einfeldni. Þór er verjandi goða og manna gegn óreiðum og hættulegum öflum Útgarðs.

Vikan 19. – 23. febrúar

Dvergurinn Haugspori

Haugspori sá sem hefur gát á haugum (gröfum)

“Gætir að gröfum og haugum

í góðum metum hjá draugum”

Vikan 24. – 28. febrúar (síðasta vika vetrar)

Dvergurinn Dóri

Dóri trúðurinn síkati sem fagnar síðustu viku vetrar

“ Gamansamt grallaratetur,
gleðst þegar kveður vetur”

Vikan (29. febrúar) 1. – 5. mars (fyrsta vika vors)

Dvergurinn Grítingur

Grítingur sá sem veit um óskasteina

“ Boðar veröld vorið hreinast
og veit hvar óskasteinar leynast”

Vikan 6. – 10. mars

Dvergurinn Hefti

Hefti sá sem kemur í veg fyrir vorfrost

“ Vinnur sérhvert vor sem má,
að víkja frosti gróðri frá”

Vikan 11. – 15. mars

Dvergurinn Austri

Austri sá sem heldur uppi austrinu

“ Austursins gætir og annast líka það
að vekja sólina og senda hana af stað”

Vikan 16. – 20. mars

Dvergurinn Várkaldur

Várkaldur hefur gát á nýgræðingum (vorgróðri)

“ Vinnur iðinn að vorsins málum,
gætir að nýjum gróðurnálum”